

Dalabyggð  
Miðbraut 11  
370 Búðardalur

Reykjavík 21. mars 2018  
UST201802-122/B.S.  
10.04.02


**Efni: Aðalskipulag Dalabyggðar 2004 - 2016 - Vestfjarðavegur – endurbygging.  
Umsögn**

Vísað er til bréfs Dalabyggðar dags. 13. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins sem felst í því að skilgreind er ný náma á áreyrum Húsár/Hvolsár þar sem ráðgert er að taka 20.000 m<sup>3</sup> af möl vegna endurbyggingar á 6 km löngum kafla Vestfjarðavegar.

Þar sem fyrirhugað efnistökusvæði er á fjarsvæði vatnsverndar telur Umhverfisstofnun að við efnistökuna þurfi að gera kröfur um meðferð olíu í námunni að að fylgst verði náið með ástandi tækja sem um námuna fara. Umhverfisstofnun telur að ef efni verður tekið grunnt ættu ummerki efnistökunnar að verða minni en ella.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda breytingu á aðalskipulagi.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Agnar Bragi Bragason  
Teymisstjóri